



Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2021

**Efni:** Innanhússaðstaða fyrir Hjólabrettafélag Reykjavíkur.

Hjólabrettafélag Reykjavíkur, sem m.a. rekur Hjólabrettaskóla Reykjavíkur, óskar hér með eftir aðgengi að innanhús æfingaraðstöðu fyrir starfsemi sína.

Félagið hefur undanfarin ár rekið starfsemi sína og skóla innan Reykjavíkur við góðan orðstír en kjarni starfseminnar felst í námskeiðum þar sem kennt er á hjólabretti við öruggar aðstæður. Einnig hefur verið kennt á hlaupahjól og BMX hjól. Sérstök áhersla hefur verið lögð á skipulögð námskeið fyrir krakka og unglunga sem eru að stíga sín fyrstu skref, bæði stelpur og strákar, bæði í blönduðum hópum og ekki. Einnig hafa verið sett upp sérstök námskeið fyrir fullorðna, námskeið fyrir lengra komna og fjölskyldunámskeið þar sem foreldrar og börn læra saman. Samtals hafa hundruðir nemenda farið í gegnum kennslu skólans ár hvert.

Félagið er eini aðilinn í Reykjavík sem hefur staðið að reglulegum námskeiðum og kennslu allt árið um kring á síðustu árum. Oftast hefur það verið innanhúss en einnig utanhúss þann takmarkaða tíma sem veður hefur leyft en eðli málsins samkvæmt þarf að vera þurr til að stunda þær greinar sem félagið kennir. Nú er svo komið að félagið hefur ekki haft aðgang að húsnæði í rúmlega eitt ár eftir að félaginu var óvænt og að ástæðulausu meinaður aðgangur að innanhússaðstöðu sem er til staðar að Dugguvogi 8 á vegum Reykjavíkurborgar.

Það er brýnt mál að félagið fái nú tafarlausan aðgang að fyrrnefndri aðstöðu að Dugguvogi enda hefur ekki verið hægt að halda námskeið í marga mánuði, eða allt frá síðasta sumri þegar haldin voru námskeið utanhúss með þeirri óvissu sem veðrinu fylgir. Það er til staðar veruleg uppsöfnuð þörf fyrir námskeiðum og eftirspurnin hefur sjaldan verið meiri, en á sama tíma ómögulegt að bjóða upp á námskeið vegna aðstöðuleysis. Er eftirspurnin fyrst og fremst hjá yngsta aldurshópnum og unglungum en þessi hópur hefur engin önnur úrræði í Reykjavík - og reyndar ekki heldur í neinu af aðliggjandi sveitarfélögum Reykjavíkur enda er Hafnarfjörður eina sveitarfélagið sem sinnir þessum greinum af myndarskap með stuðningi sínum við starfsemi Brettafélags Hafnarfjarðar sem er til fyrirmyndar.

Það er vert að benda á að hjólabrettagreinin hefur verið á miklu flugi undanfarin ár og hún stækkað ört sem íþróttagrein. Þetta hefur skilað sér hingað til Íslands með vaxandi vinsældum þrátt fyrir hið skammarlega aðstöðuleysi sem greinin býr við. Nú er svo komið að hjólabretti verða í fyrsta skipti fullgild grein á Ólympíuleikunum sem haldnir verða í Tókýó og er því spáð að samhliða því verði enn ein sprenging í fjölda iðkenda um allan heim. Ísland verður þar engin undantekning.

Við ítrekum því beiðni okkar um að félagið fái aðgang að Dugguvogi 8 strax. Enn fremur hvetjum við sterklega til þess að hugað verði að málum hjólabrettagreinarinnar innan Reykjavíkur til framtíðar, ekki síst í ljósi þess að viðbúið er að iðkendum muni fjölga mikið á næstu misserum. Það er algjörlega ótækt að þessi mál séu í ólestri í Reykjavík, höfuðborginni sjálfri, en Ísland er nú þegar mjög langt á eftir þeim löndum sem við berum okkur helst saman við eins og Svíþjóð og Danmörku.

Svo það sé skýrt þá er öll áhersla lögð á það að innanhússaðstaða verði í algjörum forgangi varðandi skipulagningu til framtíðar. Það er það sem greinin þarf í ljósi veðurfars á Íslandi. Hvers kyns aðstaða utanhús er frábær og velkomin viðbót við það en þjónar ekki þörfum iðkenda með sama hætti og innanhússaðstaða.

Nú sem hingað til bjóða meðlimir í Hjólabrettafélagi Reykjavíkur fram starfskrafta sína, þekkingu, skoðanir og aðkomu að hverskonar vinnu, ráðgjöf eða umræðum sem nauðsynlegar kunna að vera til að vinna að hagsmunum og framþróun á aðstöðu til hjólabrettaiðkunar innan Reykjavíkur á næstu árum.

Með von um góðar og skjótar undirtektir,  
F.h. Hjólabrettafélags Reykjavíkur

Steinar Fjeldsted  
Sigrún Sía Guðjohnsen  
Óðinn Valdimarsson  
Freymar Þorbergsson  
Sigurður Helgi Pálmason